



Opinber fjárfesting lítil þessi misserin þrátt fyrir yfirlýsingar um annað

Samkvæmt fyrsta mati Hagstofu Íslands dróst opinber fjárfesting saman um 9,3% á árinu 2020. Þetta er annað árið í röð sem opinber fjárfesting minnkar, en samdrátturinn var 10,8% á árinu 2019. Opinber fjárfesting var einungis 3,5% af vergri landsframleiðslu í fyrra, en hún hefur að meðaltal verið um 3,9% af VLF frá árinu 2001.

Þessi niðurstaða skýtur verulega skökku við sé litið til samþykktu um aukin útgjöld til fjárfestinga í bæði fjárlögum og fjárákálögum og yfirlýsingar ráðamanna allt frá upphafi ársins 2019 um að ríkissjóður myndi nú taka öflugan þátt í fjárfestingum á sama tíma og fjárfesting atvinnuveganna hefði dregist mikið saman.


Framlög samþykkt – en lítið gerist

Það liggur nokkuð ljóst fyrir að framkvæmdavaldið hefur verið illa undirbúið fyrir mikil fjárfestingaráttök sem fjárútlát hafa þegar verið samþykkt fyrir. Það hefur væntanlega verið vanmetið hversu langan tíma tekur að koma verkefnum af hugmyndastigi yfir í framkvæmdir. Það er hins vegar líklegt að þau verkefni sem stefnt var að setja af stað fari að birtast þannig að búast megi við mikilli aukningu opinberrar fjárfestingar á næstu misserum þannig að um verði að ræða hliðrun í tíma.

Á milli 2001 og 2010 var opinber fjárfesting að jafnaði vel yfir 4% af VLF. Hlutfallið var síðan töluvert lægra fram til 2018 þegar það hækkaði töluvert, m.a. vegna yfirtöku ríkissjóðs á Hvalfjarðargöngunum, en hefur síðan lækkað tvö síðustu ár á sama tíma og einnig hefur dregið úr fjárfestingum í atvinnulífínu.


Opinber fjárfesting hefur nú farið minnkandi miðað við fyrra ár í sex ársfjórðunga samfelld þannig að það er ljóst að áform stjórnvalda um stórfelld fjárfestingaráttök hafa ekki gengið eftir.

Opinber fjárfesting á verðlagi ársins 2020



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Opinber fjárfesting eftir ársfjórðungum



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Stórfelld fjárfesting í innviðum nauðsynleg

Í nýlegri [skýrslu Samtaka iðnaðarins](#) um innviði á Íslandi eru megin niðurstöðurnar þær að stóraukin fjárfesting í innviðum sé nauðsynleg hér á landi og að einmitt nú séu góðar aðstæður í efnahagslífinu til að auka opinbera fjárfestingu stórlega.

Skýrsluhöfundar leggja til að nýta beri þá óvirku framleiðsluþætti sem þegar eru til staðar og byrja að vinna á mikilli uppsafnaðri viðhaldspörf sem hefur orðið til á síðustu árum. Þetta er einmitt sami málflutningur og hófst meðal ráðamanna strax í upphafi ársins 2019 þegar bera fór á samdrætti í efnahagslífinu. Viljann hefur ekki vantað, en framkvæmdirnar láta bíða á eftir sér.

Ástand innviða slæmt

Samkvæmt skýrslu SI er uppsöfnuð viðhaldspörf innviða hér á landi umtalsverð. Þörfin er áætluð um 420 ma.kr. eða 14,2% af landsframleiðslu ársins 2020. Þessi upphæð nemur rúmlega fjórfaldri opinberri fjárfestingu ársins 2020.

Síðast var lagt mat á uppsafnaða viðhaldspörf í innviðakerfinu árið 2017 og hefur matið hækkað um 2% á föstu verðlagi síðan.


Uppsöfnuð viðhaldspörf er mat á því hvað þarf til að koma viðkomandi þætti innviða í ástand þar sem staða þeirra er góð og eðlilegt viðhald þarf til að halda stöðu þeirra óbreyttri. Viðhaldspörf er metin mest í vegakerfinu, eða um 160–180 ma.kr. Þá er uppsöfnuð viðhaldspörf í fráveitum einnig umtalsverð, eða 50-85 ma.kr.

Meiri fjárfestingu þarf til

Umfang opinberrar fjárfestingar síðustu missera hefur augljóslega ekki dregið mikið úr þeirri uppsöfnuðu viðhaldspörf sem varð til í kjölfar síðustu niðursveiflu. Til þess að ástand innviða geti talist gott verður að setja enn meiri kraft í opinbera fjárfestingu í innviðum.

Með fjárfestingu í nauðsynlegum innviðum er augljóslega verið að fjárfesta í hagvexti framtíðarinnar. Af hálfu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur verið lagt fram það mat að þróuð ríki eins og Ísland gætu aukið hagvöxt um 2,7 prósentustig og fjölgað störfum um 1,2% á næstu tveimur árum með

Uppsöfnuð viðhaldspörf innviða



Heimild: Samtök iðnaðarins



Því að auka fjárfestingu um 1% af vergri landsframleiðslu. Þörfin fyrir aukna opinbera fjárfestingu er því brýn.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.